



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

# Fundargerð Skólanefnd

## 4.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 7. febrúar kl. 15.30

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sigurður Böðvarsson og Friðrik Jakobsson. Einnig Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara og Sigríður Sigmundsdóttir, fulltrúi foreldrafélags.

### 1. Fundarsetning

Formaður setti fund og skipaði Sigurð Böðvarsson ritara. Samþykkt samhljóða.

### 2. Reykjahlíðarskóli 2011-2012.

#### a. Nemendafjöldi

Skólastjóri reiknar með svipuðum nemendafjölda og nú er.

#### b. Starfsmannafjöldi

Reiknað með svipuðum starfsmannafjölda og nú er, þ.e. 14 manns.

#### c. Húsnæði

Skólastjóri sýndi skólanefnd skólahúsnæðið og leist skólanefnd vel á. Einnig sýndi hún skólastofunýtingu sem virðist vera mjög góð. Sérgreinastofur er t.d. einungis notaðar fyrir sérfög, sem er mjög gott. Skólastjóri minntist að lokum á, til gamans, að allir starfsmenn og nemendur tækju þátt í Lífshlaupinu.

Auður og Sólveig viku nú af fundi.

### 3. Leikskólinn Ylur

Undir þessum lið kom Þóra Ottósdóttir inn á fund.

a. Húsnæði

Þuríður f ormaður sagði frá starfi nefndar sem skipuð var til að finna lausn á húsnæðisvanda leikskólans. Niðurstaða nefndarinnar er sú að skrifstofa Skútustaðahrepps verði færð úr húsnæðinu að Hlíðavegi 6 og leikskólinn fái allt húsið til umráða.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að til þess að leysa húsnæðismál leikskólans fyrir 1.júní 2011 fái leikskólinn allt húsnæðið að Hlíðarvegi 6 til umráða. Með því móti er hægt að koma starfsemi hans í heildstæðan farveg til nánustu framtíðar, auka fjölda nemenda og veita það rými sem til þarf fyrir nemendur frá 12 mánaða til 6 ára aldri.

b. Nemendafjöldi 2011-2012

Þóra reiknar með 20 börnum í leikskóla. Skólanefnd leggur til að aldurstakmark leikskólans verði 12 mánaða aldur barns.

c. Skipulag sumar 2011/d. Sumarbörn

Þóra greindi frá að fyrirhugað væri að leikskóla yrði lokað í 5 vikur. Um þetta spunnust nokkrar umræður og greindi Friðrik frá því að ótækt væri fyrir ferðapjónustuna hér í sveit, að leikskólinn væri lokaður á þessum háannatíma ferðapjónustunnar. Hann vísaði til þess að hann hefði sem nefndarmaður þegar fengið 3 fyrirspurnir um dagvistun á sumartíma. Þóra var beðin um að gera könnun á dagvistunarþörf á sumartíma þ.e. á hvaða tíma frá 15. maí til 15. september fólk myndi helst vilja taka sín börn í 4 vikna sumarfrí.

Að þessum lið loknum vék Þóra af fundi.

#### 4. Önnur mál

Þuríði formanni falið að kanna hver staðan er á ráðningarmálum beggja tónlistarskólastjóra fyrir næsta fund.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl 17.30.

Þuríður Helgadóttir

Eyþór Pétursson

Friðrik Jakobsson

Sigurður Böðvarsson

Pórhalla Valgeirsdóttir